
Ályktun vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi 9.-10. október 2020 lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (Covid-19) á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Í greiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnunar og starfshóps um fjármál sveitarfélaga koma glöggt fram áhrif á efnahagshruni og atvinnuleysi líkt og nú er að verða hefur alvarlega áhrif á tekjur sveitarfélaga. Útsvarstekjur lækka, ýmis þjónustugjöld dragast saman og framlög jöfnunarsjóðs skerðast vegna tekjulækkunar ríkissjóðs.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru árið 2019 frá 18-44% af heildartekjum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægi þessara framlaga fyrir sveitarfélög sem þegar standa frammi fyrir erfiðleikum við að viðhalda lögbundinni þjónustu er óumdeilt. Upphaflegar áætlanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir árið 2020 gerðu ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs næmu tæpum 2,3 milljörðum króna. Boðað hefur verið að þau framlög lækki um tæpar 500 milljónir. Áhrif á sveitarfélög eru mismunandi en skerðing nemur allt að 48% í Vesturbyggð, 46% í Árneshreppi og 30% í Strandabyggð. Augljóst er að erfitt er að bregðast við slíkri ófyrirsjáanlegri skerðingu.

Sveitarfélögin hafi undanfarin ár sýnt ráðdeild í rekstri, með aðhaldsaðgerðum og lækkað skuldir. En þessi rekstarhagræðing verður nú að engu og ljóst að sveitarfélögin þurfa stuðning til þess að komast í gegnum það tekjutap sem þau verða fyrir bæði vegna skerðinga Jöfnunarsjóðs og lækkunar annarra tekna auk þess sem fyrirsjáanleg eru aukin útgjöld m.a. í velferðaðþjónustu vegna viðbragða við Covid-19.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur því afar brýnt að gripið verði til aðgerða af hálfu ríkisins til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægast í því samhengi er að standa vörð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tryggja að framlög hans til sveitarfélaganna skerðist ekki.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin gripi nú þegar til aðgerða til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Standa þarf vörð um lögbundin verkefni sveitarfélaga þannig að þau geti þrátt fyrir mikið tekjutap sinnt sínum verkefnum. Samtímis þurfa sveitarfélögin að vera í stakk búinn að hefja kröfugt endurreisnarstarf þegar farsóttin Covid-19 hefur gengið yfir.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
Vísast til Allsherjarnefndar